

**Ed.** **42. Frumvarp til laga** **[42. mál]**

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

**1. gr.**

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. september 1981, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar útflytningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil að frádregnum 2.286% gengismun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Gengismun, sem myndast samkvæmt ákvæðum 1. málsg. skal eingöngu verja til að bæta stöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og rennur hann óskiptur til hlutaðeigandi deilda sjóðsins.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkunir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem þessi lög taka til.

#### 2. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að veita ríkisábyrgð fyrir lánum til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Liggi ríkisábyrgð fyrir, er sjóðsstjórn Verðjöfnunarsjóðs heimilt að taka lán í því skyni að gera einstökum deildum sjóðsins kleift að standa við skuldbindingar sínar. Lán þessi mega þó aldrei nema samtals meiru en 70% af heildarinnistæðu í Verðjöfnunarsjóði hverju sinni.

#### 3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrir-mæli um framkvæmd laga þessara.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar visast til meðfylgjandi fylgiskjals.

### Fylgiskjal.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o.fl.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að ákveða nú þegar ráðstafanir til þess að bæta stöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og gera honum kleift að þjóna markmiðum sínum og gæta hagsmuna þeirra, sem hlut eiga að máli. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið.

#### 1. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. september 1981, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil að frádrægunum 2.286% gengismun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Gengismun, sem myndast samkvæmt ákvæðum 1. málsg., skal eingöngu verja til að bæta stöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og rennur hann óskiptur til hlutaðeigandi deilda sjóðsins.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkunir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem þessi lög taka til.

2. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að veita ríkisábyrgð fyrir lánum til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Liggi ríkisábyrgð fyrir, er sjóðsstjórn Verðjöfnunarsjóðs heimilt að taka lán í því skyni að gera einstökum deildum sjóðsins kleift að standa við skuldbindingar sínar. Lán þessi mega þó aldrei nema samtals meiru en 70% af heildarinnistæðu í Verðjöfnunarsjóði hverju sinni.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrir-  
mæli um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 28. ágúst 1981.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**  
(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.